

**KJARASAMNINGUR**  
**milli**  
**Verkstjórasamband Íslands**  
**og**  
**Samtaka atvinnulífsins**

**1. gr.**

**Aðfarasamningur**

Kjarasamningar aðila framlengjast óbreyttir til 22. júní 2011. Við samþykkt samnings þessa greiðist sérstök eingreiðsla, kr. 50.000, hverjum starfsmanni sem var í fullu starfi í mánuðunum mars til og með maí 2011. Starfsmenn sem létu af störfum í mars 2011 fá ekki eingreiðslu eða þeir sem voru ráðnir eftir 5. maí 2011. Starfsmenn í hlutastarfi fá hlutfallslega greiðslu miðað við starfshlutfall og starfstíma á tímabilinu. Greiðslan skal innt af hendi eigi síðar en við næstu launaútborgun eftir að samningurinn var samþykktur.

**2. gr.**

**Samningstími**

Samningur þessi gildir frá 22. júní 2011 til loka janúar 2014. Taki kjarasamningar SA og aðildarsamtaka ASÍ, dags. 5. maí 2011 ekki gildi hinn 22. júní 2011, gildir samningurinn til 31. janúar 2012 nema bæði SA og ASÍ hafi sagt honum upp í júní 2011. Þá fellur þessi samningur úr gildi án launahækkanna og eingreiðslna sem koma áttu til framkvæmda frá og með 1. júní 2011.

**3. gr.**

**Eingreiðslur**

Þann 1. júlí 2011 greiðist sérstök eingreiðsla, kr. 10.000, og þann 1. desember 2011 kr. 15.000, nema samningurinn gildi til loka janúar 2012. Starfsmaður sem unnið hefur hluta úr ári eða er í hlutastarfi skal frá greitt hlutfallslega. Orlof er innifalið í eingreiðslum þessum.

**4. gr.**

**Samningsforsendur – gildistími -**

Verði gerðar breytingar á samningsákvæðum eða samningstíma á grundvelli forsenduákvæðis í kjarasamningum SA og aðildarsamtaka ASÍ, dags. 5. maí 2011, skal það sama gilda um samning þennan.

**5. gr.**


**Hækkun mánaðarlauna**

1.6. 2011: 4,25%.

1.2. 2012: 3,5%.

1.2. 2013: 3,25%.

Aðrir kjaratengdir liðir taka sömu breytingum hlutfallslega á sömu dagsetningum, nema um annað hafi samist.



**6. gr.**

**Desember- og orlofsuppbót**

**Desemberuppbót.**

Desemberuppbót fyrir hvert almanaksár miðað við fullt starf er sem hér segir:

Á árinu 2011 kr. 48.800.

Á árinu 2012 kr. 50.500.

Á árinu 2013 kr. 52.100.

**Orlofsuppbót**

Orlofsuppbót fyrir hvert orlofsár (1. maí til 30. apríl) miðað við fullt starf er:

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2011 verði orlofsuppbót kr. 26.900.

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2012 verði orlofsuppbót kr. 27.800.

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2013 verði orlofsuppbót kr. 28.700.

**7. grein**

**Afgreiðsla kjarasamnings**


Tilkynna skal um afgreiðslu kjarasamnings fyrir kl. 14:00 25. maí 2011.

Reykjavík 16 maí 2011

F.h. Verkstjórasambands Íslands



F.h. Samtaka atvinnulífsins



## Ný og breytt ákvæði kjarasamninga

### *Greiðsla yfirvinnu með frítöku*

Aðilar eru sammála um að inn í samningstexta kjarasamnings, þar sem ekki er sérstaklega fjallað um frí í stað yfirvinnu komi ný grein í kaflann um vinnutíma:

*„Frí í stað yfirvinnu.*

*Heimilt er með samkomulagi starfsmanns og atvinnurekanda, að safna frídögum vegna yfirvinnu, á þann hátt að yfirvinnutímar komi til uppsöfnunar og frítöku á dagvinnutímabili en munur dagvinnu- og yfirvinnutímakaups er greitt við næstu reglulegu útborgun eða komi í heild til uppsöfnunar og frítöku á dagvinnutímabili. Verðgildi unninna yfirvinnutíma skal lagt til grundvallar. Samkomulag skal vera um frítöku. Frítökuréttur skv. framansögðu sem ekki hefur verið nýttur fyrir 1. maí ár hvert eða við starfslok, skal greiddur út m.v. verðgildi dagvinnustunda á greiðsludegi. Samkomulag skal vera um frítöku og hún skipulögð þannig að sem minnst röskun verði á starfsemi.“*

### *Útreikningur á yfirvinnulaunum*

Aðilar eru sammála um að inn í samningstexta kjarasamnings komi:

*Um útreikning á yfirvinnulaunum fer skv. ráðningarsamningi eða skriflegri staðfestingu ráðningar.*

### *Lengd matartíma í yfirvinnu um helgar*

Aðilar eru sammála um að inn í samningstexta þeirra kjarasamninga aðildarsamtaka ASÍ og SA, þar sem ekki er sérstaklega fjallað um lengd neysluhléa í yfirvinnu um helgar komi ný grein:


*„Um lengd neysluhléa um helgar fer með sama hætti og virka daga.“*

### *Greiðsla frítökuréttar*

Aðilar eru sammála um að inn í samningstexta þeirra kjarasamnings komi í undirkafla um lágmarkshvöld þar sem fjallað er um „Frávík og frítökurétt“ svohljóðandi ný grein:

*„Án samþykkis starfsmanns er óheimilt að skipuleggja vinnu þannig, að uppsafnaður frítökuréttur sé tekinn út á tímum þegar starfsmaður er á ferðalögum á vegum atvinnurekanda eða við störf fjarri heimili/aðsetri nema í eðlilegu framhaldi söfnunar.“*

SRP



### *Ólaunaðir frídagar á ferðum*

Aðilar eru sammála um að inn í samningstexta kjarasamnings komi svohljóðandi ný grein:

*„Þurfi starfsmaður að ósk fyrirtækis að ferðast milli landa á ólaunuðum frídögum, skal hann þegar heim er komið fá frí sem samsvarar 8 dagvinnuklukkustundum fyrir hvern frídag sem þannig glatast, enda hafi ekki verið tekið tillit til þess við ákvörðun launa. Um töku þessara frídaga fer með sama hætti og ákveðið er í kaflanum um lágmarkshvöld og frítöku“*

### **Bókanir**

#### *Almenn launahækkun*

Með umsaminni almennri launahækkun í kjarasamningi er átt við lágmarkshækkun þeirra reglulegu launa sem starfsmaður nýtur á þeim degi þegar hækkun skv. kjarasamningi á að koma til framkvæmda, óháð launum viðkomandi starfsmanns.

Óheimilt er að lækka eða afnema yfirborganir með því að greiða ekki út almennar launahækkanir. Yfirborganir verða því aðeins lækkaðar eða afnumdar að fylgt sé ákvæðum ráðningarsamnings. Þetta ákvæði kemur þó ekki í veg fyrir að fyrirtæki geti með launaákvörðunum flýtt hækkunum með sérstökum ákvörðunum og þá sé með fyrirsjáanlegum og fyrirfram ákveðnum hætti tekið tillit til óframkominna almennra hækkana á næstu 12 mánuðum. Starfsmanni sé fyrirfram gert ljóst með sannanlegum hætti að um flýtta almenna launahækkun samkvæmt kjarasamningi sé að ræða.

#### *Slysa erlendis*

Samkvæmt kjarasamningum ber atvinnurekanda að tryggja starfsmenn sína á ferðalögum á vegum atvinnurekanda. Þar sem hefðbundnar ferða-, slysa- og sjúkratryggingar veita almennt ekki nægilega vernd vegna slysa erlendis af völdum vélknúinna ökutækja, munu aðilar vinna að því, að starfsmenn verði tryggðir með fullnægjandi hætti. Þeirri vinnu skal lokið eigi síðar en 1. nóvember 2011.

JEP



### *Jafnréttisáherslur*

Jafnir möguleikar kvenna og karla til starfa, starfsþróunar og launa er hagsmunamál launafólks og fyrirtækja. Aðilar munu því vinna saman að eftirtöldum verkefnum á samningstímanum.

- Ljúka gerð staðals um framkvæmd stefnu launajafnréttis og í framhaldinu sé unnið áfram við gerð staðals um jafna möguleika kynjanna til starfa og starfsþróunar. Staðlavinnan er unnin í samstarfi við Staðlaráð Íslands og velferðarráðuneytið. Stefnt er að útgáfu fyrir lok samningstímans.
- Haldið verði áfram samstarfi við Hagstofu Íslands um rannsókn á launamyndun kvenna og karla byggðri á gagnasafni stofnunarinnar með það að markmiði að gera eina rannsókn á samningstímanum.
- Gerð sameiginlegs kynningar- og fræðsluefnis fyrir launafólk og fyrirtæki um jafnrétti á vinnumarkaði á samningstímanum.
- Að hvetja stjórnendur fyrirtækja til að huga að mótun fjölskyldustefnu innan fyrirtækja með það að markmiði að auka sveigjanleika í skipulagningu á vinnu og vinnutíma þannig að bæði sé tekið tillit til fjölskylduaðstæðna starfsmanna og þarfa atvinnulífs.

JRP

